

# Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2002-2003



10. þing KLÍ  
26. apríl 2003

---



# DAGSKRÁ 10. ÞINGS KLÍ

## Laugardaginn 26. apríl 2003 Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

### Dagskrá:

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
  - a) Kjörbréfanefnd.
  - b) Fjárhagsnefnd.
  - c) Laga- og leikreglnanefnd.
  - d) Allsherjarnefnd.
  - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

### **ÞINGHLÉ**

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
- 10 Önnur mál.
- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
- 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
- 13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
- 14 Þingslit.

# SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 20. apríl 2002 – 25. apríl 2003

10. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
laugardaginn 26. apríl 2003

---

## STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Valgeir Guðbjartsson
<i>Varaformaður</i>	Hörður Ingi Jóhannsson
<i>Gjaldkeri</i>	Sigríður Klemensdóttir
<i>Ritari</i>	Erla Ívarsdóttir
<i>Fundarritari</i>	Sigfríður Sigurðardóttir
<i>Varamenn:</i>	Ásgrímur Helgi Einarsson Theodóra Ólafsdóttir Björgvin Björgvinsson

---

## SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Guðni Gústafsson  
Pétur Helgason

Til vara: Sirrý Hrönn Haraldsdóttir  
Hjalti Ástbjartsson

---

## NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

**Aganefnd** Ómar Kristjánsson *form.*  
Gylfi Ástbjartsson  
Ingimundur Helgason  
Þórir Ingvarsson

**Unglinganefnd** S. Unnur Vilhjálmsd. *form.*  
Erla Ívarsdóttir  
Theodóra Ólafsdóttir  
Elísa Magnúsdóttir

**Laga- og leikreglanefnd** Þórir Ingvarsson *form.*  
Haraldur Sigursteinsson  
Valgeir Guðbjartsson

**Upplýsinganefnd** Ásgrímur H. Einarsson *form.*  
Þórhallur Hálfðánarson

**Landsliðsnefnd:** Óskipuð

**Mótanefnd** Þórhallur Hálfðánarson *form.*  
Kristíana Baldursdóttir  
Valgeir Guðbjartsson  
Guðmundur Sigurðsson

**Kerfisstjóri** Ásgeir Þór Þórðarson

**Landsliðsþjálfari** Theodóra Ólafsdóttir

**Tækninefnd** Óskipuð

**Ritstj. mótaskrár:** Erla Ívarsdóttir  
S. Unnur Vilhjálmsdóttir

## INNGANGUR

Nú þegar tíu ár eru frá stofnun Keilusambandsins þá eru störf stjórnar í nokkuð mótudum farveg sem þó er ávallt til endurskoðunar. Á liðnu starfsári hefur stjórnin fundað reglulega eða því sem næst, oftast á miðvikudögum. Þetta hafa verið alls 21 stjórnarfundir frá síðasta þingi að ótöldum vinnufundum vegna sérverkefna. Nefndir hafa einnig haft mikið á sinni könnu og á það sérstaklega við um unglinga- og mótanefnd.

Keilufélögum og deildum hefur fækkað og voru átta síðastliðinn vetur. Almennum iðkendum í keilu hefur fjölgað verulega en keilurum sem stunda keilu sem keppnisíþrótt hefur ekki fjölgað í samræmi við það á síðari árum. Við getum leitað ýmissa skýringa, en hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér og samkeppni í þjóðfélaginu er gífurleg. Þetta á við um íþróttir jafnt sem aðra hluti. Keilusambandið og keilufélögin eru ekki annað en það sem við sjálf viljum og getum lagt fram. Félagsmenn þurfa því að leggja rækt við félög sín ekki síður en félögin við félagsmennina.

Á síðasta tímabili hefur orðið örlítill viðsnúningur hvað varðar fjölda keppenda í keilu, bæði í hefðbundinni keppni s.s. deildakeppni og hefðbundnum mótum, en ekki síst í utandeild KLÍ þar sem keppendur þurfa ekki að vera félagsbundnir og ekki er keppt samkvæmt ströngustu reglum eins og í hefðbundnum Íslandsmótum. Þess má geta að í utandeildinni kepptu alls um 170 keppendur í vetur í 32 liðum en á fyrra tímabili voru um 100 keppendur í 18 liðum, þessir keppendur eru fæstir á skrá yfir keppendur í íþróttinni og eru að öllu jöfnu ekki skráðir í keilufélög.

Stjórn sambandsins ber einnig þá von í brjósti að einhver nýliðun verði útfrá verkefninu “KONUR Í KEILU” þar sem hátt á fimmta hundrað konur fengu um tveggja tíma leiðsögn hjá þjálfara án endurgjalds í keilusal / á keilubrautum. Unnið verður áfram í því með félögum að ná í eitthvað af þeim konum inn í félögin.

Aðstöðumál keiluíþróttarinnar eru hinsvegar töluvert áhyggjuatriði, keilusalir eru í einkaeign og mismunandi gott samstarf á milli þeirra og félaganna / sambandsins hvað varðar keppniskeiluna. Nú er staðan sú að eftir um eitt og hálf ár þá er komið að okkur að halda Norðurlandamót en ekki er aðstaða fyrir hendi til að halda mótið eins og aðstaða er núna í keilusalarmálum. Staðið hefur til að keilusalur rísi í Grafarvogi í tengslum við íþróttamiðstöð þar en ekki hefur verið staðfest hvort eða hvenær sá salur opni, ennfremur hefur lifnað enn og aftur orðrómur um að opna eigi keilusal á Akureyri.

Á síðastliðnu tímabili náði einn af okkar landsliðsspilurum þeim árangri að verða í 6. sæti fyrir úrslit á Norðurlandamóti fullorðinna, það er frábær árangur í ljósi þess að aðrar norðurlandapjóðir eru með þeim allra fremstu í keilu í heiminum. Núna er heimsmeistaramótsár og vonandi náum við að senda okkar sterkasta lið til keppni í haust þegar HM fer fram.

Á fyrra tímabili þá fannst ákveðinn munur á umfjöllun um keilu í fjölmiðlum, sú umfjöllun hefur hinsvegar dvínað aftur og finnst okkur miður, ég held að ég mæli fyrir munn flestra keilara og aðstandenda þeirra að við yrðum mjög sátt ef við fengjum umfjöllun í ljósvakamiðlum og þá sérstaklega sjónvarpi á heilu ári sem næmi eins eða tveggja daga umfjöllun um boltagreinarnar stóru, knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik.

Valgeir Guðbjartsson  
formaður KLÍ



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá átta félögum frá fjórum héraðssamböndum. Samkvæmt eldri upplýsingum frá ÍSÍ sem fengnar eru úr kennsluskýrslum þá er um að ræða töluverða fækkun síðastliðin ár. Það er líka ljóst að almennir iðkendur í keilu eru miklu mun fleiri en skráðir eru hjá keilufélögunum og má segja að það ætti að vera takmark keilufélaganna/-deildanna að nálgast þessa iðkendur.

Tafla 1, Keilufélög og deildir,  
fjöldi iðkenda skv. kennsluskýrslum til 1998 og fjöldi keppenda frá árinu 1998 skv. KLÍ

Félag / Keiludeild	Ípr. Bandalag	Stofnað	Iðkendur 1997	Iðkendur 1998	Keppendur 1999	Keppendur 2000	Keppendur 2001	keppendur 2002
<b>Samtals</b>			<b>511</b>	<b>436</b>	<b>422</b>	<b>307</b>	<b>272</b>	<b>281</b>
<b>KFR</b>	ÍBR	10. sept. 85	212	177	159	148	143	<b>134</b>
<b>KR</b>	ÍBR	27. júní 90	54	37	46	24	16	<b>17</b>
<b>ÍR</b>	ÍBR	1994	133	58	58	47	57	<b>64</b>
<b>Fylkir</b>	ÍBR	1994	7	5	6	7	6	<b>5</b>
<b>ÍFH</b>	ÍBR	1994	–	9	8	3		
<b>Ösp</b>	ÍBR							
<b>KSÁÁ</b>	ÍBR	1997		8	12	5		
<b>HK</b>	UMSK	1994	13	20	17	11	11	<b>6</b>
<b>KGB</b>	UMSK	25. maí 89	49	27	27	24	17	<b>14</b>
<b>Keflavík</b>	ÍRB	1995	33	39	73	41	8	
<b>KFS</b>	ÍRB	31. júlí 89		34				
<b>KFA</b>	ÍA	1997		19	16	6	8	<b>41</b>

### KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í þrem keilusölum í vetur:

- Keiluhöllinni í Öskjuhlíð, 18 brautir.
- Keila í Mjódd, 10 brautir.
- Keilusalnum Akranesi, 3 brautir.

### VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Keilarar ársins 2002 voru að þessu sinni tveir, í kvennaflokki var **Elín Óskarsdóttir KFR** valin keilari ársins. Í karlaflokki var **Ásgeir Þór Þórðarson ÍR** keilari ársins. Elín og Ásgeir voru bæði Íslandsmeistarar einstaklinga 2002, ásamt því að hafa staðið sig frábærlega fyrir sín félagslið svo og í landskeppnum á undanförunum árum.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili sem nú er að ljúka kepptu 242 keilarar í deildarkeppninni í samtals 29 liðum og Íslandsmót einstaklinga var haldið með og án forgjafar með 73 þátttakendum. Þetta er fjölgun um 79 keilara bæði í deild og einstaklingsmótum miðað við fyrra ár. Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Íslandsmót í tvímenning í maí
- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 4ra manna liða í október til apríl
- Deildarbikar (þrímenningur) í október til apríl
- Utandeild KLÍ í september til apríl
- Íslandsmót para í janúar
- Íslandsmót einstaklinga með forgjöf í febrúar
- Íslandsmót einstaklinga í mars
- Bikarkeppni liða í október til apríl
- Meistarakeppni ungmenna í október til mars
- Íslandsmót unglunga í mars
- Íslandsmót unglungaliða í október til mars

### ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2002

Mótið var haldið í maí 2002. Þátt tóku 9 tvímenningar.

1. sæti Hjálmtýr Ingi Ingason, ÍR og Jón Helgi Bragason, ÍR.
2. sæti Guðmundur B. Harðarson, KR og Magnús Magnússon, KR.
3. sæti Freyr Bragason, KFR og Sigurður Lárusson, ÍR

### MEISTARAKEPPNI KLÍ

<i>Karlar:</i> 1. sæti	PLS, ÍR	<i>Konur:</i> 1. sæti	Valkyrjur, KFR
2. sæti	KR-a, KR	2. sæti	Flakkarar, KFR

### ÍSLANDSMÓT PARA

Mótið var haldið í janúar 2003. Þátt tóku 8 pör.

1. sæti Sigfríður Sigurðard. KR og Björn G. Sigurðsson KR – **Íslandsmeistarar para 2003**
2. sæti Jóna Gunnarsdóttir KFR og Halldór Ragnar Halldórsson ÍR
3. sæti Elín Óskarsdóttir KFR og Freyr Bragason KFR

### BIKARKEPPNI LIÐA 2002-2003

<i>Karlar:</i> 1. sæti	KR-a, KR	<i>Konur:</i> 1. sæti	Flakkarar, KFR
2. sæti	Lærlingar, KFR	2. sæti	Afturgöngurnar, KFR



# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

## ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 2002-2003

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2002-2003

Félag	1. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	Samtals '02-'03	Samtals '01-'02	Samtals '00-'01	Samtals '99-'00
KFR	5	6	2	13	13	17	19
KGB	-	-	2	2	1	2	3
KR	1	2	-	3	3	4	4
KFS	-	-	-	-	-	-	-
Keflavík	-	-	-	-	1	2	6
ÍFH	-	-	-	-	-	-	-
HK	-	-	1	1	1	2	2
ÍR	1	3	2	6	6	6	7
Fylkir	-	-	1	1	1	1	1
KSÁÁ	-	-	-	-	-	-	1
KFA	1	1	1	3	1	1	1
<b>Samtals</b>	<b>8</b>	<b>12</b>	<b>9</b>	<b>29</b>	<b>27</b>	<b>35</b>	<b>44</b>

### Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

- 1. deild kvenna:** 1. sæti **Flakkarar KFR** **Íslandsmeistarar liða 2003**  
2. sæti Valkyrjur KFR  
3. sæti Afturgöngurnar KFR  
4. sæti ÍR-TT

*Deildarmeistarar 1. deildar:* Flakkarar KFR

- 1. deild karla:** 1. sæti **PLS, ÍR** **Íslandsmeistarar liða 2003**  
2. sæti KR-a, KR  
3. sæti Lærlingar, KFR  
4. sæti KLS, ÍR

*Deildarmeistarar 1. deildar:* PLS, ÍR

Úr 1. deild féllu Keila.is, KFR (11. sæti) og Þröstur, KFR (12. sæti).

- 2. deild karla:** 1. sæti **KGB-DL, KGB** **Íslandsmeistarar 2. deildar**  
2. sæti Keiluvínir, Fylkir  
3. sæti Úlfarnir, KFR

### Deildarbikar liða

Keppni í deildarbikar liða 2002-2003 er ekki lokið þegar þessi skýrsla er gerð en mun ljúka í síðustu viku í apríl 2003.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA MEÐ FORGJÖF

Íslandsmóti einstaklinga í keilu með forgjöf lauk sunnudaginn 16. febrúar 2003. Keppt var í karla og kvennaflokki.

Alls tóku 27 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 13. febrúar 2003, 18 í karlaflokki og 9 í kvennaflokki.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

#### Kvennaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Ástrós Guðmundsdóttir, ÍR – Íslandsmeistari kvenna með forgjöf 2003**
2. sæti Jónína Magnúsdóttir, KFA
3. sæti Helga Sigurðardóttir, KFR

#### Karlaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Bjarni Páll Jakobsson, KFR – Íslandsmeistari karla með forgjöf 2003**
2. sæti Atli Þór Kárason, KR
3. sæti Magnús Guðmundsson, KFA

### ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk sunnudaginn 23. mars 2003. Keppt var í karla og kvennaflokki.

Alls tóku 46 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 20. mars 2003, 33 í karlaflokki og 13 í kvennaflokki. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem fram mun fara í Austurríki í byrjun september n.k. Keilusambandið greiðir bæði ferðir og gistingu vegna Evrópumótsins.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

#### Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Elín Óskarsdóttir, KFR – Íslandsmeistari kvenna 2003**
2. sæti Dagný E. Þórisdóttir, KFR
3. sæti Sigfríður Sigurðardóttir, KR

#### Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Magnús Magnússon, KR – Íslandsmeistari karla 2003**
2. sæti Jón Helgi Bragason, ÍR
3. sæti Björn Birgisson, KFR.

### Verðlaunadreifing á milli félaga í Íslandsmótum einstaklinga með og án forgjafar varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '02	Samt. '01	Samt. '00
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	2	1	2	5	7	4
ÍR – Keiludeild ÍR	1	1	1	3	3	-
KR – Keiludeild KR	1	1	-	2	1	2
KFA – Keilufélag Akraness	-	1	1	2	1	-
KEF – Keiludeild Keflavíkur	-	-	-	-	-	-
HK – Keiludeild HK	-	-	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>12</b>	<b>12</b>	<b>6</b>





## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### Dreifing keppenda í Íslandsmóti einstaklinga með og án forgjafar

Keilufélag	Ka'03	Ko '03	Samt.'03	Ka'02	Ko '02	Samt.'02	Ka '01	Ko '01	Samt.'01
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	17	13	30	18	16	34	9	12	21
ÍR – Keiludeild ÍR	16	4	20	17	4	21	12	3	15
KR – Keiludeild KR	12	1	13	8	1	9	6	1	7
KFS – Keilufélag Suðurnesja	-	-	-	-	-	-	-	-	-
KEF – Keiludeild Keflavíkur	-	-	-	1	-	1	-	-	2
HK – Keiludeild HK	-	-	-	-	-	-	-	-	-
KGB – Keilufélag Garðabæjar	-	-	-	2	-	2	-	-	1
ÍFH – Íþróttaf. heyrnarlausra	-	-	-	-	-	-	-	-	-
KFA – Keilufélag Akraness	6	4	10	4	1	5	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>51</b>	<b>22</b>	<b>73</b>	<b>31</b>	<b>22</b>	<b>72</b>	<b>31</b>	<b>16</b>	<b>47</b>

### UTANDEILD KLÍ

Utandeild KLÍ í liðakeppni 2002-2003 er ekki lokið þegar Ársþing KLÍ er haldið en mun ljúka í síðustu viku í apríl 2003.

### ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2003

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd sunnudaginn 9. mars 2003.

Alls kepptu 24 unglingar í fjórum flokkum pílta og stúlkna. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '03	St. '03	Hlutf.dreif' 03	Dr. '02	St. '02	Hlutf.dreif' 02	Dr.'01	St.'01	Hlutf.dreif' 01
KFR 12	8	4	50 %	13	3	50 %	15	2	89 %
KFA 8	6	2	33 %	3	3	19 %	-	-	-
ÍR 4	3	1	17 %	4	4	25 %	-	-	-
KEF -	-	-	-	2	-	6 %	2	-	11 %
KR	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>17</b>	<b>7</b>	<b>24</b>	<b>22</b>	<b>10</b>	<b>32</b>	<b>17</b>	<b>2</b>	<b>19</b>

1. og 2. flokkur léku 18 leiki í forkeppni en 3. og 4. flokkur léku 12 leiki.

Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í öllu mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 03	Silfur 03	Brons 03	Samtals 03	Gull 02	Silfur 02	Brons 02	Samt. 02	Gull 01	Silfur 01	Brons 01	Samt. 01
KFR	6	4	4	14	4	4	4	12	6	6	4	16
KFA	1	2	3	6	3	2	1	6	-	-	-	-
ÍR	2	1	-	3	1	2	2	5	-	-	-	-
KEF	-	-	-	-	2	1	0	3	2	-	1	3
KR	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>9</b>	<b>7</b>	<b>7</b>	<b>23</b>	<b>10</b>	<b>9</b>	<b>7</b>	<b>26</b>	<b>8</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>19</b>



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

#### Opinn flokkur – PILTAR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

<b>Magnús S. Guðmundsson</b>	<b>KFA</b>
Bjarni Páll Jakobsson	KFR
Hafþór Harðarson	KFR

#### Opinn flokkur – STÚLKUR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

<b>Kristín Magnúsdóttir</b>	<b>KFR</b>
Birgitta Þura Birgisdóttir	KFA
Kristín Ása Brynjarsdóttir	KFR

#### PILTAR:

1. fl.	<b>Hafþór Harðarson</b>	<b>KFR</b>
	Magnús S. Guðmundsson	KFA
	Sigurður Þ. Guðmundsson	KFA
2. fl.	<b>Sigurður Ingi Pálsson</b>	<b>KFR</b>
	Egill Sigþórsson	KFR
	Ásgeir Erlendsson	KFR
3. fl.	<b>Bjarni Páll Jakobsson</b>	<b>KFR</b>
	Daníel Hauksson	KFR
	Andri Már Ólafsson	KFR
4. fl.	<b>Hafliði Ólafsson</b>	<b>ÍR</b>
	Daníel Freyr Sigurðarson	ÍR
	Skúli Freyr Sigurðsson	KFA

#### STÚLKUR:

1. fl.		
2. fl.	<b>Kristín Magnúsdóttir</b>	<b>KFR</b>
3. fl.	<b>Sigríður Ósk Ólafsdóttir</b>	<b>KFR</b>
	Kristín Ása Brynjarsdóttir	KFR
	Birgitta Þura Birgisdóttir	KFA
4. fl.	<b>Ástrós Pétursdóttir</b>	<b>ÍR</b>

### MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2002–2003

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 5 umferðir og voru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt voru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lenti. Leikmaður safnaði stigum og eftir allar umferðirnar kom í ljós hver varð „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki.

Ekki voru veitt verðlaun yfir allt árið nema að keppandi hefði keppt meira en helming umferða. Í vetur kepptu 52 piltar og 18 stúlkur eða alls 70 unglingar, í Keilu í Mjódd og Öskjuhlíð.

Kept var í fjórum aldurshópum,

1. flokkur:	20 – 21 – 22 ára	f. 1980–1982	(6 leikir)	6 piltar + 4 stúlkur
2. flokkur:	17 – 18 – 19 ára	f. 1983–1985	(6 leikir)	6 piltar + 2 stúlkur
3. flokkur:	14 – 15 – 16 ára	f. 1986–1988	(6 leikir)	17 piltar + 3 stúlkur
4. flokkur:	11 – 12 – 13 ára	f. 1989–1991	(3 leikir)	23 piltar + 9 stúlkur

#### 1. fl. pilta (1980–1982)

1.sæti	<b>Ívar G. Jónasson</b>	<b>KFR</b>	<b>53</b>
2.sæti	Steinþór G. Jóhannsson	ÍR	48
3.sæti	Þórhallur Hálfðánarson	KFR	48

#### 2. fl. pilta (1983–1985)

1.sæti	<b>Eiríkur A. Björgvinsson</b>	<b>KFR</b>	<b>58</b>
--------	--------------------------------	------------	-----------

#### 1. fl. stúlkna (1980–1982)

1.sæti	<b>Dagný Edda Þórisdóttir</b>	<b>KFR</b>	<b>48</b>
2.sæti	Jóna Kristbjörg Þórisdóttir	KFR	30
3.sæti	Súsanna Kr. Knútsdóttir	KFR	24

#### 2. fl. stúlkna (1983–1985)



# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2.sæti Atli Þ. Annelsson KFR 38

### 3. fl. pilta (1986–1988)

1.sæti **Hafþór Harðarson** KFR 52  
2.sæti Sigurður Þ. Guðmundsson KFA 43  
3.sæti Magnús S. Guðmundsson KFA 41

### 4. fl. pilta (1989–1991)

1.sæti **Bjarni Páll Jakobsson** KFR 56  
2.sæti Jón Ingi Ragnarsson ÍR 44  
3.sæti Daniel Hauksson KFR 39

### 3. fl. stúlkna (1986–1988)

1.sæti **Kristín Magnúsdóttir** KFR 60

### 4. fl. stúlkna (1989–1991)

1.sæti **Birgitta Þóra Birgisdóttir** KFA 58  
2.sæti Kristín Ása Brynjarsdóttir KFR 35  
3.sæti Ástrós Pétursdóttir ÍR 31

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA 2002–2003

Íslandsmóti unglingsaliða í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd þriðjudaginn 18. mars 2003. Alls tóku 6 lið þátt í mótinu eða 33 unglingar, piltar og stúlkur. Þrjú lið komu frá KFR, tvö frá ÍR og eitt frá KFA. Leiknar voru 6 umferðir frá októberbyrjun og eftir það voru spiluð úrslit.

*Niðurstöður fyrir úrslit:*

*Mtal.liðs*

*Staða eftir úrslit:*

1. sæti **KFR 3** 58 stig 163,5  
2. sæti KFR 2 46 stig 143,0  
3. sæti ÍR 1 30 stig 131,9  
4. sæti ÍA 26 stig 129,1  
5. sæti KFR 1 16 stig 119,7  
6. sæti ÍR 2 4 stig 110,5

**Deildar- og Íslandsmeistarar unglingsaliða**

**1. sæti**  
4. sæti  
2. sæti  
3. sæti  
5. sæti  
6. sæti



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

Á liðnu tímabili var tekið þátt í 5 landskeppnum. Í júlí var Evrópubíkarkeppni landsliða í Þýskalandi, í ágúst var Heimsmeistaramót unglunga í Thailandi, í september fóru Íslandsmeistararnir á Evrópubíkarmót einstaklinga í Hollandi, í febrúar var Norðurlandamót unglunga í Stokkhólmi, Svíþjóð og í mars var Norðurlandamót fullorðinna í Tampere í Finnlandi.

### EVROPUBÍKARKEPPNI LANDSLIÐA

Evrópubíkarkeppni landsliða fór fram í Mülheim í Þýskalandi dagana 1. til 5. júlí 2002. Þátttakendur voru landslið karla og kvenna frá tuttugu og sex þjóðum. – keppt var í liðakeppni samkvæmt “baker” fyrirkomulagi.

Bæði var sent karla og kvenna lið til þáttöku á mótinu, liðin voru skipuð sem hér segir:

*Kvennalandslíð:* Dagný Edda Þórisdóttir KFR, Elín Óskarsdóttir KFR, Jóna Gunnarsdóttir KFR, Jóna K. Þórisdóttir KFR, Sigfríður Sigurðardóttir KR og Sólveig Guðmundsdóttir KFR. Þjálfari kvennalandslíðsins var Theódóra Ólafsdóttir.

*Karalandslið:* Árni Geir Ómarsson ÍR, Ásgeir Símon Halldórsson ÍR, Björn Guðgeir Sigurðsson KR, Freyr Bragason KFR, Magnús Magnússon KR og Þórhallur Hálfðánarson ÍR. Þjálfari karlalandslíðsins var Valgeir Guðbjartsson.

Í karlaflokki náði liðið að verða í 20 sæti og í kvennaflokki varð liðið í 13 sæti.

Með liðunum fór Sigríður Klemensdóttir sem fararstjóri.

### HEIMSMEISTARAMÓT UNGLINGA

Heimsmeistaramót unglunga fór fram í Thailandi dagana 4.-11. ágúst 2002. Þáttakendur voru fjórir frá Íslandi, Dagný Edda Þórisdóttir KFR, Jóna K. Þórisdóttir KFR, Steinþór G. Jóhannsson ÍR og Þórhallur Hálfðánarson KFR. Þjálfari hópsins var Theódóra Ólafsdóttir.

Árangur þeirra var sem hér segir:

Dagný Edda varð nr. 70 af 73 í einstaklingskeppninni, en nr. 67 í heildarkeppni stúlkna

Jóna K. varð nr. 64 af 73 í einstaklingskeppninni en nr. 71 í heildarkeppni stúlkna.

Steinþór varð nr. 90 af 107 í einstaklingskeppninni en nr. 70 í heildarkeppni pílta.

Þórhallur varð nr. 104 af 107 í einstaklingskeppninni en nr. 101 í heildarkeppni pílta.

Dagný og Jóna urðu síðan í 33. sæti í tvímenningskeppni af 37 tvímenninum í stúlknaflokk.

Steinþór og Þórhallur urðu í 42. sæti í tvímenningskeppni af 54 tvímenninum í píltaflokk.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### EVROPUBIKARMÓT EINSTAKLINGA

Evrópubikarmót einstaklinga, sem er keppni landsmeistara Evrópuþjóða, fór fram í Hollandi 2. til 8. september 2002. Þátttakendur voru landsmeistarar frá þrjátíu og einni þjóð auk sigurvegara frá því 2001.

Fyrir Íslands hönd kepptu Íslandsmeistararnir 2002, Elín Óskarsdóttir KFR og Ásgeir Þ. Þórðarsson ÍR. Elín endaði í 12. sæti með 192,8 stig að meðaltali. Ásgeir endaði í 21. sæti með 198,10 að meðaltali í mótinu.

Með Elínu og Ásgeiri fór landsliðsþjálfarinn Theódóra Ólafsdóttir.

### NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA

Norðurlandamót unglinga fór fram í Stokkhólmi í Svíþjóð dagana 6.-9. febrúar 2003. KLÍ sendi fullt piltalið til þátttöku á mótinu en sá sér ekki fært að senda stúlknalið að þessu sinni.

Keppt var í 5-mannaliða keppni, tvímønning og síðan fóru efstu 12 einstaklingarnir í einstaklingskeppni.

Liðið var skipað eftirfarandi keppendum:

Atli Þór Annelsson (KFR), Bjarni Páll Jakobsson (KFR), Egill Sigþórsson (KFR), Hafþór Harðarson (KFR), Magnús Guðmundsson (KFA), Sigurður Guðmundsson (KFA), þjálfari liðsins var Theódóra Ólafsdóttir og fararstjóri var Sigríður Klemensdóttir.

Helsti árangur var eftirfarandi:

5-manna liðið varð neðst í liðakeppninni en náði þó 168,5 í meðaltal. Árangur tvímennings liða okkar varð á sama veg, skiptu með sér neðstu sætum mótsins, en einstakur árangur þeirra varð sem hér segir:

Bjarni og Magnús urðu í 13. sæti með 184,16 í meðaltal, Egill og Sigurður urðu í 14. sæti með 172,25 í meðaltal og að síðustu Atli og Hafþór í 15. sæti með 164,6 í meðaltal.

Árangur þeirra í einstaklingskeppninni varð sem hér segir:

Bjarni 23. sæti – 184,59 meðaltal, Magnús 24. sæti – 182,53 meðaltal, Egill 25. sæti – 181,47 meðaltal, Atli 28. sæti – 164,76 meðaltal, Hafþór 29. sæti – 161,47 meðaltal og Sigurður í 30. sæti með 157,35 í meðaltal.

Lið okkar var mjög ungt miðað við liðin sem komu frá hinum Norðurlandþjóðunum þannig að það vekur hjá okkur vonir um meiri og betri árangur í framtíðinni.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### NORÐURLANDAMÓT FULLORÐINNA

Norðurlandamót fullorðinna var haldið í Tampere í Finnlandi dagana 28. febrúar til 2. mars 2003. KLÍ sendi fullt lið til þátttöku á mótinu, liðið var þannig skipað:

*Kvennalandsliðið:* Alda Harðardóttir KFR, Dagný Edda Þórisdóttir KFR, Jóna Kristbjörg Þórisdóttir KFR, Súsanna Kristín Knútsdóttir KFR og Sigfríður Sigurðardóttir KR

*Karalandsliðið:* Andri Ólafsson KFR, Árni Geir Ómarsson ÍR, Ásgeir Símon Halldórsson ÍR, Eiríkur Arnar Björgvinsson KFR, Steinþór G. Jóhannsson ÍR og Þórhallur Hálfðánarson KFR. Þjálfari beggja liða var Theodóra Ólafsdóttir og fararstjóri var Sigfríður Sigurðardóttir.

Keppt var í 5-manna liðakeppni, tvímenning og síðan fóru efstu 12 einstaklingarnir í einstaklingskeppni.

Helsti árangur var eftirfarandi:

Í liðakeppninni urðu okkar lið í neðsta sæti bæði í kvenna og karla flokki. Kvennaliðið náði 166,6 í meðaltal en karlaliðið náði 195,03 í meðaltal, bæði liðin unnu einn leik.

Árangur hjá tvímenningu var eftirfarandi:

Dagný og Jóna 10 sæti með 173,72 í meðaltal og Alda og Súsanna í 11. sæti með 166,27 í meðaltal.

Árni Geir og Steinþór í 7. sæti með 190,5 í meðaltal, Eiríkur og Þórhallur í 11. sæti með 176,81 í meðaltal og Andri og Ásgeir í 12. sæti með 171,95 í meðaltal.

Árangur í einstaklingskeppninni varð eftirfarandi:

Dagný varð í 18. sæti með 175,6 í meðaltal, Alda varð í 20 sæti með 171,7 í meðaltal, Jóna varð í 21. sæti með 167,70 í meðaltal, Súsanna varð í 22. sæti með 156,8 í meðaltal og Sigfríður varð í 23. sæti með 176 í meðaltal en hún lék einungis með í 5-manna liðakeppninni.

Steinþór varð í 6. sæti með 212,2 í meðaltal, Ásgeir varð í 18. sæti með 186,9 í meðaltal, Árni varð í 21. sæti með 182,3 í meðaltal, Þórhallur varð í 22. sæti með 180,5 í meðaltal, Andri varð í 23. sæti með 170 í meðaltal og Eiríkur varð í 24 sæti með 167,8 í meðaltal.

Í tólf manna úrslitum varð síðan Steinþór í 8 sæti og endaði með 207,6 í meðaltal.

### SAMRÁÐSFUNDUR KEILUSAMBANDA NORÐURLANDANNA

Árlegur samráðsfundur keilusambanda Norðurlandanna fór fram hér á Íslandi dagana 8.-9. júní 2002 – fundurinn var haldinn í Hveragerði í aðstöðu hjá Frosti og Funa. Fulltrúar KLÍ á fundinum voru þau Valgeir Guðbjartsson og Sigríður Klemensdóttir, Sigfríður Sigurðardóttir var fundarritari.

Á fundinum var fjallað um starfsemi keilusambandana, samstarf Norðurlandana, samskipti við alþjóðasamtökin og hvað helst væri á döfinni. Fjallað var m.a. um fyrirkomulag deildarkeppna á öllum Norðurlöndunum, fjallað var um fyrirkomulag Norðurlandamóta, heimsmeistaramóta, fyrirtækjakeppnir, bæði heima fyrir í hverju landi svo og á Evrópugrundvelli, fjallað var um reglur um peningaverðlaun, keppni yfir landamæri þ.e. geta menn haft keppnisleyfi í fleiri en einu landi.

Snæddur var kvöldverður í boði ÍSÍ og fyrir brottför Norðurlandabúana var farin stutt skoðunarferð um Suðurland. Fundurinn þótti takast mjög vel og höfðu menn á orði að erfitt yrði fyrir Finna að skáka Íslendingum með fundarhald þetta, en næsti samráðsfundur á að vera haldinn í Finnlandi árið 2003.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### AFMÆLI KLÍ

Keilusamband Íslands hélt uppá 10 ára afmæli sitt á síðastliðnu ári, þann 28. júní bauð KLÍ til kaffisamsætis í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal til að fagna þessum áfanga, um 30 manns mættu í afmælishófið. Formaður KLÍ bauð gesti velkomna og fór yfir þróun keilunnar á Íslandi frá upphafi til þessa dags, farið var lítilega yfir nokkur verkefni sem KLÍ stóð fyrir á afmælisárinu m.a. útbreiðsluátaki sem miðar að því að fá fleiri konur í keilu. Á meðan gestir nutu veitinga þá var landsliðið kynnt þar sem það hélt daginn eftir til keppni á Evrópubikarkeppni landsliða í Þýskalandi. Að síðustu var deilt út viðurkenningum sem hér segir:

#### Gullmerki KLÍ:

Haraldur Sigursteinsson,

#### Silfurmerki KLÍ:

Ásgeir Þór Þórðarson

Björn G. Sigurðsson

Guðmundur J. Kristófersson

Guðný Guðjónsdóttir

Jón Hjaltason

Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir

Sigurjón Harðarson

Þórður Kjartansson

Þórir Ingvarsson

#### Afreksmerki KLÍ:

Alois Raschhofer

Ágústa Þorsteinsdóttir

Að því loknu veitti formaður KLÍ viðtöku afmælisgjöf frá KFR, sem var forveri KLÍ áður en fleiri félög voru stofnuð í keilu á Íslandi. Ennfremur gaf Elín Óskarsdóttir 2 farandgripi, sem hún hafði eignast fyrir á sínum keppnisferli, til KLÍ.

#### “KONUR Í KEILU”

Á síðastliðnu ári sótti KLÍ um styrk til 19. júní sjóðs kvennahlaups ÍSÍ vegna útbreiðsluátaks “KONUR Í KEILU”, skemmst er frá því að segja að þar var okkur lofað styrk að upphæð 200 þús. kr. – unnið var síðan að því að skipuleggja þetta átak þegar ÍSÍ auglýsti eftir umsóknum í “rekstrarafgangssjóð” sem var stofnaður með rekstrarafgangi ársins 2001, samtals um 8 millj. kr. KLÍ sendi inn umsókn í vegna sama verkefnis og fékk þar úthlutað 500 þús. kr. Síðan var unnið að skipulagningu verkefnisins þangað til að í febrúar var haldið leiðbeinenda námskeið á 2 dögum og síðan í beinu framhaldi konum á öllum aldri boðið til keilu án endurgjalds í Keiluhöllinni Öskjuhlíð, fyrsta dag sem þetta námskeið var haldið komust færri konur að en vildu þannig að ákveðið var að halda framhaldsnámskeið nokkrum vikum síðar í Keilu í Mjódd og aftur nokkrum vikum síðar á Akranesi. Þáttaka var ekki alveg jafngóð þessa 2 daga en þegar upp er staðið hafa um 420 konur fengið leiðsögn í keilu án endurgjalds. Verkefni þetta hefur mælst vel fyrir og allir gefið því hina bestu umsögn



# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

## 1. deild kvenna

Endanlega staða fyrir tímabilið 2002-2003

### Staðan

#	Lið	Leikir	U	J	T	Skor liðs	Skor móth.	Stj.	Stig
1	Flakkarar	84	70	0	14	44.071	39.284	201	140
2	Afturgöngurnar	84	68	0	16	43.547	38.652	188	136
3	Valkyrjur	84	65	0	19	43.008	38.638	165	130
4	ÍR-TT	84	48	0	36	39.556	38.954	99	96
5	KR	84	32	1	51	36.049	38.139	49	65
6	Fellurnar	84	29	1	54	37.039	39.042	80	59
7	Skutlurnar	84	22	0	62	37.098	39.331	72	44
8	ÍA.	84	1	0	83	30.137	38.465	22	2

### Aftek

*** Bestu aftek vetrarins ***				*** Bestu aftek umferðar ***			
<b>Hæsta skor:</b>	Elín Óskarsdóttir	Flakkarar	286 stig	Alda Harðardóttir	Valkyrjur	242 stig	
<b>Hæsta sería:</b>	Elín Óskarsdóttir	Flakkarar	696 stig	Dagný Edda Þórisdóttir	Valkyrjur	583 stig	
<b>Hæsta meðaltal:</b>	Elín Óskarsdóttir	Flakkarar	185,29 stig	Dagný Edda Þórisdóttir	Valkyrjur	194,33 stig	
<b>Flestar fellur að meðaltali:</b>	Solla Guðmundsdóttir	Flakkarar	4,40 fellur	Dagný Edda Þórisdóttir	Valkyrjur	4,67 fellur	
<b>Hæsti leikur liðs:</b>		Valkyrjur	887 stig		Valkyrjur	796 stig	
<b>Hæsta sería liðs:</b>		Flakkarar	2.427 stig		Valkyrjur	2.085 stig	
<b>Hæsta meðaltal liðs:</b>		Flakkarar	174,88 stig		Valkyrjur	173,75 stig	

### Árangur liða

Flakkarar	1	2	3	Sería	# L	Samt.	Með.	Hæsti leikur	Hæsta sería	Fellur
Theódóra Ólafsdóttir	131	145	138	414	37	6.149	166,19	208	542	3,19
Elín Óskarsdóttir	151	187	189	527	63	11.673	185,29	286	696	4,29
Guðný Helga S Hauksdóttir	156	191	200	547	52	9.030	173,65	213	624	3,15
Solla Guðmundsdóttir	0	0	0	0	60	10.977	182,95	257	654	4,40
Bára Ágústsdóttir	156	147	197	500	40	6.242	156,05	197	517	2,45
<b>Samtals:</b>	594	670	724	1.988	252	44.071	174,88	286	696	914

Afturgöngurnar	1	2	3	Sería	# L	Samt.	Með.	Hæsti leikur	Hæsta sería	Fellur
Jóna Gunnarsdóttir	169	167	145	481	60	10.560	176,00	243	590	3,23
Ágústa Þorsteinsdóttir	178	158	189	525	57	10.366	181,86	237	609	4,11
Guðný Björk Guðjónsdóttir	148	138	164	450	21	3.227	153,67	190	514	2,76
Ragna Matthíasdóttir	160	192	147	499	57	9.952	174,60	234	573	3,53
Helga Sigurðardóttir	0	0	0	0	57	9.442	165,65	215	547	2,74
<b>Samtals:</b>	655	655	645	1.955	252	43.547	172,81	243	609	843

Valkyrjur	1	2	3	Sería	# L	Samt.	Með.	Hæsti leikur	Hæsta sería	Fellur
Jóna Kristbjörg Þórisdóttir	176	182	155	513	58	10.315	177,84	266	652	4,02
Dagný Edda Þórisdóttir	182	193	208	583	63	11.480	182,22	266	641	3,92





# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

## Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Súsanna Kristín Knútsdóttir	131	0	138	269	29	4.512	155,59	194	529	2,45
Alda Harðardóttir	139	242	160	541	58	9.852	169,86	242	572	3,26
Sesselja U Vilhjálmsdóttir	0	179	0	179	44	6.849	155,66	189	524	2,32
<b>Samtals:</b>	<b>628</b>	<b>796</b>	<b>661</b>	<b>2.085</b>	<b>252</b>	<b>43.008</b>	<b>170,67</b>	<b>266</b>	<b>652</b>	<b>842</b>

ÍR-TT	1	2	3	Sería	# L	Samt.	Með.	Hæsti leikur	Hæsta sería	Fellur
Ástrós Guðmundsdóttir	194	167	188	549	63	9.814	155,78	238	627	2,78
Guðný Gunnarsdóttir	142	173	151	466	63	9.983	158,46	212	543	2,89
Sigríður Klemensdóttir	179	164	135	478	60	9.879	164,65	214	564	2,93
Berglind Helgadóttir	0	0	0	0	17	2.658	156,35	203	527	2,29
Steinunn M Arnórsdóttir	113	127	147	387	46	6.862	149,17	181	502	2,22
Blindur	0	0	0	0	3	360	120,00	120	360	0,00
